



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 29. janúar 2018  
SFS2017020191  
1.1  
HG/ag

Ráðhús Reykjavíkur  
Borgarráð

***Efni: Samantekt á aðgerðum sem miða að því að manna störf á skóla- og frístundasviði -  
Til upplýsingar í borgarráði***

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 24 janúar 2018 var lagt fram minnisblað um samantekt á aðgerðum sem miða að því að manna störf á skóla- og frístundasviði.

Meðfylgjandi en minnisblað sviðsstjóra.

Virðingarfyllst

Helgi Grímsson  
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs





Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 22. janúar 2018  
SFS2017020191  
HG/RES/shj

## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

**Efni: Samantekt á aðgerðum sem miða að því að manna störf á skóla- og frístundasviði.**

Síðast liðið ár hefur mikil áhersla verið lögð á að manna öll störf á skóla- og frístundasviði. Verkefnið er tvíþætt, annars vegar að bæta starfsumhverfið og þar með laða að fleiri umsækjendum að störfunum og hins vegar aðgerðir til að vekja athygli á störfunum. Í þessu minnisblaði verður gerð grein fyrir helstu aðgerðum á þessu sviði á árinu 2017.

### **I. Að bæta starfsumhverfið og laða að fleiri einstaklinga til starfa**

Mikil áhersla var lögð á starfsumhverfið árið 2017 og nokkrir starfshópar voru að störfum sem höfðu það að markmiði að greina starfsumhverfið og koma með tillögur til úrbóta. Þar að auki voru ýmsar aðrar aðgerðir á vegum Reykjavíkurborgar og/eða skóla- og frístundasviðs sem miðuðu að því að bæta starfsumhverfið. Hér verður greint nánar frá þessum starfshópum og aðgerðum.

#### **1. Starfshópur um nýliðun og bætt starfsumhverfi grunnskólakennara**

Þann 12. október 2016 samþykkti skóla- og frístundaráð að setja á laggirnar starfshóp um nýliðun og bætt starfsumhverfi grunnskólakennara. Efnt var til formlegs samstarfs við fagfélög grunnskólakennara, háskóla og ríkisvaldið um leiðir til að styrkja faglega stöðu grunnskólakennara og gera kennarastarfið eftirsóknarverðara. Áhersla var lögð á aðgerðir til að auka nýliðun í stétt grunnskólakennara, bæta starfsumhverfi þeirra, m.a. með vísan til lýðheilsu- og markmiða Reykjavíkurborgar og efla kennaramenntun, þar með talið vettvangsnám. Sérstaklega var rýnt hvernig ná megir til einstaklinga með kennsluréttindi sem valið hafa sér annan starfsvettvang með það fyrir augum að hvetja þá til að taka að sér störf við kennslu í grunnskólum borgarinnar. Hópurinn var skipaður fulltrúum skóla- og frístundaráðs, Kennarafélags Reykjavíkur, Félags grunnskólakennara, Háskóla Íslands, þar með talið menntavísindasviðs, og mennta- og menningarmálaráðuneytis, auk fulltrúa skóla- og frístundasviðs. Í erindisbréfi starfshópsins kom fram að hlutverk hópsins væri að finna leiðir

til að styrkja faglega stöðu grunnskólakennara og gera kennarastarfið eftirsóknarverðara. Helstu verkefni hópsins samkvæmt erindisbréfinu voru:

- ✓ Leggja fram tillögur um hvernig megi bæta starfsumhverfi kennara sem byggja á fyrirliggjandi greiningum og gögnum. Samstarf verði við kennara um þetta atriði.
- ✓ Skoða sérstaklega hvort þættir eins og starfsþróun og kennsluráðgjöf gagnist kennurum.
- ✓ Koma fram með tillögur um aðgerðir til að fjölga þeim sem hefja kennaranám. Þar sé meðal annars skoðað samspil námslána, kynning og framsetning námsins og ímynd kennarastarfsins.
- ✓ Móta tillögur til þess að fjölga þeim sem koma til starfa sem grunnskólakennarar að loknu námi. Í því tilliti verði rýnt inntak og uppbygging kennaranámsins og mótaðar tillögur um breytingar í samræmi við markmið um aukna nýliðun.
- ✓ Koma fram með ábendingar um hvernig hægt sé að minnka brotthvarf úr kennarastarfinu á fyrstu árum í starfi.
- ✓ Sérstaklega verði rýnt hvernig megi ná til einstaklinga með kennsluréttindi sem valið hafa sér annan starfsvettvang með það fyrir augum að hvetja þá til að taka að sér störf við kennslu í grunnskólum borgarinnar.

Hópurinn skilaði af sér í desember 2017 og setti fram alls 31 tillögu varðandi bætt vinnuumhverfi, aukna nýliðun í kennaranám, kennaramenntun og starfsþróun.

Bætt vinnuumhverfi:

1. Aukinn stuðningur við kennara
2. Ný úrræði til að mæta börnum í vanda
3. Staðfestur sveigjanleiki í vinnutíma kennara
4. Endurskoða skipulag vinnutíma í samráði við kennara
5. Skýrt verklag um móttöku nýliða
6. Handleiðsla og ráðgjöf við kennara í starfi
7. Kennsluráðgjöf í upplýsingatækni
8. Leiðsagnarkennarar
9. Fagleg forysta skólastjórnenda
10. Skólaþjónusta færir meira út í skólana
11. Endurnýjun á búnaði til kennslu
12. Endurbætur á húsnæði og starfsaðstæðum kennara
13. Greining á launakjörum, brotthvarfi og samanburði við aðrar stéttir
14. Forgangsroðun og fækkun verkefna
15. Skýrari viðmið um foreldrasamskipti

Aukin nýliðun í kennaranámi

16. Ívilnandi aðgerðir til að ýta undir fjölgun kennaranema
17. Styðja við að leiðbeinendur í grunnskólum afli sér kennaramenntunar
18. Hvati til að draga úr brottfalli úr kennaranámi
19. Kennaranám á grunnstigi metið til launasetningar
20. Kynning á starfskjörum grunnskólakennara
21. Vitundarvakning um mikilvægi kennarastarfsins

Kennaramenntun

22. Breytingar á inntaki kennaramenntunar

23. Auka hlut vettvangsnáms í kennaranámi
24. Auka hagnýta kennslufræði í kennaranámi

#### Starfsþróun

25. Gæðamat starfsþróunar
26. Markviss starfsþróun kennara í samstarfi við háskóla
27. Auka framboð á starfsþróunarkostum
28. Starfsþróunaráætlanir skóla
29. Samstarf um lokaverkefni
30. Starfsþróun fyrir útskrifaða nemendur með leyfisbréf sem vilja snúa til kennslu
31. Fjölgun námsleyfa

Nú þegar hefur verið farið í fjölmargar aðgerðir sem samrýmast þessum tillögum, má þar nefna:

- ✓ Aukið fjármagn til verkefnisstjórnunar - efling faglegs starfs.
- ✓ Fjármagn til næðisstunda - viðvera kennara með yngstu nemendum í matmálstímum.
- ✓ Aukið fjármagn til sérkennslu.
- ✓ Breytt og aukin úthlutun fjármagns vegna stuðningsfulltrúa í 1. bekk.
- ✓ Hækkað starfhlutfall námsráðgjafa á unglingastigi.
- ✓ Stofnun tveggja einhverfudeilda frá hausti 2017 í Fellaskóla og Hamraskóla.
- ✓ Fjögur stöðugildi kennsluráðgjafa í Miðju máls og læsis.
- ✓ Tvö stöðugildi brúarsmiða/móðurmálskennara.
- ✓ Hækkun fjárveitingar til kennslu íslensku sem annars tungumáls.
- ✓ Sérstök fjárveiting vegna túlkajónustu.
- ✓ Lokið uppsetningu á þráðlausu neti í öllum grunnskólum – tryggt þráðlaust netsamband í öllu kennsluhúsnæði.
- ✓ Lokið innleiðingu á Office365 í skólum.
- ✓ 650 nýjar far- og spjaldtölvur.
- ✓ Nákvæm úttekt og kostnaðarmat á umbótum húsnæðis og aðstöðu í grunnskólum.
- ✓ Ljúka stefnumótun í upplýsingatækni í grunnskólum Reykjavíkur.
- ✓ Hegðunarráðgjafar grunnskóla ráðnir í alla borgarhluta.
- ✓ Unnið að ráðningu talmeinafræðinga á allar þjónustumiðstöðvar.
- ✓ Úrræði vegna barna með fjölþættan vanda stofnuð í öllum borgarhlutum.
- ✓ Breytt og aukin úthlutun fjármagns vegna stjórnunar í grunnskólum.
- ✓ Ný menntastefna fyrir Reykjavíkurborg.
- ✓ Aukið fjármagn í viðhald skólabygginga.

Næsta skref er að kynna tillögurnar fyrir skólasamfélaginu í Reykjavík og í framhaldinu að gera áætlun um forgangsriðun og innleiðingu þeirra í vel skilgreindum áföngum.

## 2. Starfshópur um nýliðun og bætt starfsumhverfi leikskólakennara

Þann 26. október 2016 samþykkti skóla- og frístundaráð að setja á laggirnar starfshóp um nýliðun og bætt starfsumhverfi leikskólakennara. Efnt var til formlegs samstarfs við félög leikskólakennara, háskóla og mennta- og menningarmálaráðuneytið um leiðir til að fjölga leikskólakennurum og bæta starfsumhverfi þeirra á leikskólum borgarinnar með það að markmiði að gera störf leikskólakennara eftirsóknarverðari. Áhersla verði lögð á aðgerðir til að auka nýliðun í stétt leikskólakennara, bæta starfsumhverfi þeirra, m.a. með vísan til lýðheilsu- og markmiða Reykjavíkurborgar,

fjölga karlkyns leikskólakennurum til að draga úr kynjahalla, auka umræðu um mikilvægi og inntak starfsins í samfélaginu og efla kennaramenntun, þar með talið vettvangsnám. Sérstaklega verði rýnt hvernig ná megi til einstaklinga með kennsluréttindi sem valið hafa sér annan starfsvettvang með það fyrir augum að hvetja þá til að taka að sér störf við leikskóla borgarinnar. Hópurinn er skipaður fulltrúum skóla- og frístundaráðs, Félags leikskólakennara, Félags stjórnenda leikskóla, Félags foreldra leikskólabarna, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Háskóla Íslands, þar með talið menntavísindasviðs og mennta- og menningarmálaráðuneytisins, auk fulltrúa skóla- og frístundasviðs. Samkvæmt erindisbréfi var hlutverk hópsins að finna leiðir til að styrkja faglega stöðu leikskólakennara og gera leikskólakennarastarfið eftirsóknarverðara. Helstu verkefni starfshópsins voru að koma fram með tillögur um eftirfarandi:

- ✓ Hvernig fjölga megi þeim sem hefja nám í leikskólakennarafræðum
- ✓ Hvernig fjölga megi þeim sem hefja störf í leikskólum að loknu námi
- ✓ Hvernig fjölga megi karlkyns leikskólakennurum
- ✓ Hvernig draga megi úr brottfalli leikskólakennara úr starfi á fyrstu árunum eftir útskrift
- ✓ Hvernig bæta megi starfsumhverfi leikskólakennara
- ✓ Hvernig hægt er að ná til einstaklinga sem eru með leyfisbréf leikskólakennara en hafa valið sér annan starfsvettvang.

Starfshópurinn mun skila af sér tillögum í febrúar 2018.

### **3. Starfshópur um bætt starfsumhverfi fagfólks á vettvangi frístundamiðstöðva/frístundastarfs í Reykjavík.**

Þann 22. febrúar samþykkti skóla- og frístundaráð að setja á laggirnar starfshóp um bætt starfsumhverfi fagfólks á vettvangi frístundamiðstöðva/frístundastarfs. Hlutverk hópsins er að finna leiðir til að fjölga fagfólki á vettvangi frístundamiðstöðva/frístundastarfs og bæta starfsumhverfi þeirra með það að markmiði að gera þessi störf eftirsóknarverðari. Hópurinn er skipaður fulltrúum skóla- og frístundaráðs, fulltrúa deildastjóra unglingastarfs, fulltrúa deildastjóra barnastarfs, fulltrúa framkvæmdastjóra frístundamiðstöðva, fulltrúa forstöðumannaráðs félagsmiðstöðva, fulltrúa forstöðumannaráðs frístundaheimila, fulltrúa Félags fagfólks í frítíma, fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga og fulltrúa Menntavísindasviðs HÍ, auk fulltrúa skóla- og frístundasviðs.

Helstu verkefni starfshópsins samkvæmt erindisbréfi eru:

- ✓ Leita leiða til að fjölga fagfólki í frístundastarfi á vegum skóla- og frístundasviðs og bæta starfsumhverfi þeirra í frístundastarfi borgarinnar með það að markmiði að gera störfin eftirsóknarverðari.
- ✓ Áhersla verði lögð á aðgerðir til að fjölga fagmenntuðum starfsmönnum, hækka starfshlutfall og tryggja betur starfsöryggi starfsmanna.
- ✓ Bæta starfsumhverfi starfsmanna í frístundastarfi, m.a. með vísan til lýðheilsu- og markmiða Reykjavíkurborgar, auka umræðu um mikilvægi og inntak starfsins í samfélaginu og efla frístundamenntun, þar með talið vettvangsnám.
- ✓ Yfirfara starfsheiti þeirra sem starfa í frístundastarfi SFS auk starfslýsinga og koma með tillögur að breytingum eftir því sem við á.

- ✓ Leggja fram tillögur um hvernig hægt er að sporna gegn manneklu.
- ✓ Skoða möguleika á að bjóða upp á nám (í tómstunda- og félagsmálafræði) samhliða starfi í fristundaheimili/félagsmiðstöð.

Starfshópurinn mun skila af sér tillögum í lok febrúar 2018.

#### 4. Heilsuefning

Reykjavíkurborg hefur að undanfögnu lagt áherslu á heilsuefningu starfsmanna og skipaði borgarstjóri starfshóp sem stuðla ætti að heilsuefandi stjórnun starfsstaða og heilsuefandi aðgerðum fyrir alla starfsmenn Reykjavíkurborgar. Ráðinn var verkefnastjóri til þess að halda utan um verkefnið og þann 1. febrúar 2017 tók Lóa Birna Birgisdóttir, starfsmannastjóri velferðarsviðs, tímabundið við starfi verkefnisstjóra um heilsuefningu starfsmanna borgarinnar. Meginverkefnið er að stuðla að heilsuefandi vinnuumhverfi og aðgerðum fyrir starfsmenn Reykjavíkurborgar með það að leiðarljósi að styðja starfsmenn við að efla heilsu, auka vellíðan og draga úr veikindafjarvistum. Ýmis heilsuefandi verkefni hafa verið í gangi á árinu og má þar nefna Heilsuleika Reykjavíkurborgar sem haldnir voru 26. apríl-17. maí og 2.-23. október. Þar var áhersla bæði lögð á andlega og líkamlega heilsu. Í tengslum við leikana fengu starfsmenn Reykjavíkurborgar aðgang að snjallsímaforritinu **SidekickHealth** sem meðal annars innifelur heilsutengda leiki og áskoranir á milli starfsmanna. Starfsfólkið gat bæði geta notað appið til heilsuefningar fyrir sig persónulega og sem hluti af liði sem keppir við önnur lið innan borgarinnar í heilsuefandi æfingum, hollu mataræði og hugarækt.

#### 5. Samgöngustyrkir

Frá 1. september 2017 bauðst starfsfólki Reykjavíkurborgar að fá samgöngusamning. Þeir fela það í sér að starfsmenn geta árlega fengið styrki að upphæð 36.000 fyrir 33-49% starf eða 72.000 fyrir 50-100% starf gegn því að þeir skuldbindi sig til að ferðast til og frá vinnu með öðrum hætti en á einkabíl að jafnaði þrisvar til fjórum sinnum í viku. Starfsfólk skóla- og frístundsviðs hafa lýst yfir mikilli ánægju með þennan samning og í lok ársins 2017 voru um 1900 starfsmenn sviðsins komnir á samgöngusamning.

#### 6. Vinnustaðagreining

Vinnustaðagreining var gerð á öllum starfsstöðum sviðsins á vorönn 2017. Tilgangurinn með könnuninni er að fá fram viðhorf starfsfólks til ýmissa þátta, svo sem starfsumhverfis, samskipta og stjórnunarháttar. Þessar niðurstöður voru birtar í Qlick Sense sem var mikið til bóta fyrir stjórnendur þar sem niðurstöður fengust mun fyrr en áður og Qlick Sense býður upp á mun fleiri tækifæri en áður að rýna niðurstöður frekar og vinna með einstaka þætti úr könnuninni. Niðurstöður úr viðhorfskönnun nýtast hverjum starfsstað fyrir sig, sem og sviðinu í heild sinni, þegar kemur að því að leita leiða til þess að bæta starfsumhverfið enn frekar og laða að fleiri einstaklinga til starfa.

#### 7. Styttning vinnuvikunnar

Undanfarin ár hefur tilraunaverkefni um styttingu vinnuvikunnar verið í gangi innan borgarstofnana, m.a. á leikskólanum Hofi. Nær undantekningalaust hefur verkefnið gengið vel, starfsánægja eykst og veikindi minnka. Ákveðið hefur verið að halda þessu verkefni

áfram til þess að meta hvort árangurinn reynist varanlegur og bæti starfsaðstæður hjá fleirum. Verkefnið stækkar því á næstunni þar sem öllum starfsstöðum Reykjavíkurborgar bauðst að óska eftir þátttöku í 2. áfanga þessa verkefnis. Yfir hundrað starfsstaðir frá öllum sviðum borgarinnar sóttu um þátttöku og þar af voru 11 umsóknir frá starfsstöðum skóla- og frístundasviðs. Þessa dagana er verið að vinna úr umsóknum en tilraunatímabilið fyrir 2. áfanga verkefnisins er 11. febrúar 2018 og stendur fram til 31. ágúst 2019.

## **8. Jólagjafir**

Allir starfsmenn Reykjavíkurborgar fengu jólagjöf í ár, miða fyrir tvo í Borgarleikhúsið. Jólagjöfin vakti mikla lukku meðal starfsfólks sem án efa hefur áhrif á ímynd vinnustaðarins út á við.

### **II. Að vekja athygli á störfunum og laða að fleiri umsækjendum**

Mikil vinna hefur átt sér stað að undanfögnu við að finna leiðir til þess að vekja athygli á störfum skóla- og frístundasviðs. Ýmsar leiðir voru farnar og sérfræðingar fengnir til samstarfs varðandi ráðgjöf og framkvæmd. Hér verður greint nánar frá þessum aðgerðum og þeim leiðum sem farnar voru.

### **2. Nýtt útlit og ný nálgun í auglýsingum**

Vorið 2017 var ákveðið að fá auglýsingastofu til þess að hanna nýtt útlit og nýja nálgun í atvinnuauglýsingum skóla- og frístundasviðs. Það var mikið kappsmál að hafa hönnun og hugmynd sem nær utan um öll þau fjölbreyttu störf sem eru á sviðinu. Niðurstaðan var að á auglýsingunum eru myndir af börnum þar sem fram kemur hvað þau ætli sér að verða í framtíðinni og síðan kemur setningin „Langar þig að vinna með framtíð landsins?“ Um er að ræða nokkrar útgáfur af börnum á mismunandi aldri og með mismunandi drauma um framtíðina. Markmiðið er að vekja athygli á störfum skóla- og frístundasviðs en einnig að þessar auglýsingar virki sem hvatning fyrir fleiri að fara í nám á þessu sviði og/eða að gera uppeldis- og kennslustörf að framtíðarstarfi. Um er að ræða bæði prentauglýsingar og leiknar auglýsingar.

### **3. Birtingar og birtingarráðgjöf**

Þá var birtingaráðgjafi fenginn til þess að gera áætlun um hvar og hvenær birta ætti auglýsingar út frá þeim markhópum sem sviðið vill ná til. Haustið 2017 voru birtingar í grófum dráttum með þessum hætti:

- Prentauglýsingar í Fréttablaðinu, Morgunblaðinu, Stundinni og öllum hverfablöðum.
- Plaköt hengd upp í öllum framhaldsskólum, háskólum, sundlaugum, líkamsræktarstöðvum, kaffihúsum, verslunarkjörnum og þar sem leyfi fékkst til að hengja þær upp.
- Tengslatorg HÍ.
- Auglýsing send á um 130 stúdentafélög.
- Vefborðar á visir.is, mbl.is, stundin.is
- Video auglýsingar á RÚV, Stöð2, Sjónvarp Símans Premium og kvikmyndahúsum.
- Netmiðlar: Facebook, Instagram, googleAdWords, google/youtube pre roll.



Birtingar voru nokkuð miklar í ágúst, september og október en dregið úr þeim í nóvember. Síðan var farið af stað aftur í desember og janúar.

#### **4. Fylgst með stöðu ráðninga**

Grannt hefur verið fylgst með stöðu ráðninga í grunnskólum, leikskólum og frístundaheimilum frá því í byrjun ágúst. Það er gert með því að senda könnun á stjórnendur þar sem þeir gefa upp stöðuna, vikulega í fyrstu og síðan á tveggja vikna fresti hjá leikskólum og á frístundaheimilum en sjaldnar í grunnskólum þar sem staða starfsmannamála hefur verið betri. Upplýst hefur verið reglulega um stöðu ráðninga í skóla-og frístundaráði. Þessar upplýsingar eru m.a. nýttar til þess að stýra birtingu auglýsinga annarra aðgerða er miða að mönnunarmálum.

#### **5. Nýting samfélagsmiðla og námskeið**

Stjórnendur hafa verið hvattir til þess að nýta Facebook síður starfsstaða sinna, heimasíður og foreldrahópin til þess að ná til umsækjenda. Námskeið í Facebook var haldið fyrir stjórnendur. Margir stjórnendur hafa nýtt sér þessa miðla með góðum árangri og jafnvel látið útbúa sérstakt efni til birtingar sem hefur gefist mjög vel.

#### **6. Alfreð atvinnuleitarmiðill nýttur**

Alfreð er öflugur atvinnuleitarmiðill og hafa starfsstaðir skóla- og frístundasviðs verið hvattir til þess að nýta hann. Auðvelt er að tengja auglýsingar úr SAP kerfinu við Alfreð og á þann máta nær auglýsingin til breiðari hóps en áður. Mannauðsþjónusta skóla- og frístundasviðs fundaði með umsjónaraðilum Alfreðs með það að markmiði að einfalda verklagið fyrir þá starfsstaði sem vilja nýta sér Alfreð. Breytingar voru gerðar á kerfinu sem leiddi til þess að ennþá einfaldara er að tengja auglýsingar við Alfreð. Þá var einnig ákveðið að greitt yrði miðlægt fyrir allar auglýsingar á Alfreð sem virkaði sem enn meiri hvatning fyrir stjórnendur að nýta sem þann miðil. Þá var einnig haldinn kynningarfundur um Alfreð fyrir stjórnendur og fari yfir hvernig auglýsingar eru tengdar þar á milli.

#### **7. Þjónusta Capacent nýtt**

Fundað var með Capacent til þess að kanna með hvaða hætti skóla- og frístundasvið gæti nýtt sér þeirra þjónustu. Capacent tók vel í samstarfið og kom með sérsniðna lausn fyrir sviðið. Hún felur í sér að störf skóla- og frístundasviðs eru auglýst meðal þeirra atvinnuleitenda sem eru á skrá hjá Capacent en ekki er unnið frekar með þær umsóknir hjá Capacent heldur eru þær sendar beint á stjórnendur skóla- og frístundasviðs. Þessi leið hefur verið nýtt fyrir þá leikskóla þar sem ennþá á eftir að manna nokkuð mörg störf.

#### **8. Störf á skóla- og frístundasviði kynnt á Framadögum**

Framadagar voru haldnir í febrúar 2017. Þar gefst fyrirtækjum og stofnunum kostur á að kynna starfsemi sína og þau störf sem bjóðast fyrir ungu fólki sem er að skoða framtíðarmöguleika sína. Skóla- og frístundasvið tók að sjálfsögðu þátt í þessum kynningardegi og var það kröftugur hópur sem tók að sér að kynna störfin og starfsemina. Vel tókst til þennan dag og ákveðið að skóla- og frístundasvið tæki aftur þátt árið 2018.

#### **9. Vísindaferð**

Í október 2017 bauð skóla- og frístundasvið nemendum á menntavísindasviði HÍ til vísindaferðar. Það var glæsilegur og áhugasamur hópur nemenda sem sótti sviðið heim, naut veitinga og samtals við fulltrúa sviðsins um leið og þeir fengu kynningu á starfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva. Fenginn var öflugur hópur af vettvangi til þess að aðstoða við að kynna störfina og starfsemina. Vísindaferðin heppnaðist mjög vel og ákveðið að endurtaka hana að ári.

## **10. Leitað til fyrrum starfsmanna leikskóla**

Upplýsingar voru teknar út úr launakerfinu um þá starfsmenn sem hafa hætt sl. 5 ár og eru eldri en 60 ára. Þessir listar voru sendir á leikskólastjóra svo þeir gætu haft samband við fyrrverandi starfsmenn sína og kannað áhuga á því að viðkomandi kæmi aftur til starfa tímabundið eða í hlutastarf.

## **11. Samstarf við Félag eldri borgara**

Skóla- og frístundasvið fundaði með Félagi eldri borgara eftir að félagið sendi frá sér ályktun þar sem skólayfirvöld í Reykjavík voru hvött til þess að skoða hvort ekki væri hægt að fá fólk á eftirlaunum til hlutastarfa á leikskólum og frístundaheimilum borgarinnar. Félag eldri borgara var reiðubúið að senda sínum félagsmönnum póst þar sem störfin á skóla- og frístundasviði eru auglýst. Í þeim pósti kom einnig fram að frístundaheimili og leikskólar Reykjavíkur hafa mjög góða reynslu af því að hafa eldri borgara í vinnu og hefur mikil ánægja verið með það meðal barna og foreldra og annars starfsfólks. Það er því mjög eftirsóknavert að fá fleiri eldri borgara til starfa og nýta dýrmæta þekkingu og krafta í þágu barnanna í borginni. Þá var einnig bent á að störfin eru fjölbreytt og getur starfsfólk oft á tíðum nýtt áhugamál sín í vinnunni, hvort sem það er að fara út í fótbolta með börnin, syngja með þeim, tefla við þau, lesa fyrir þau eða eitthvað annað. Að lokum var tekið fram að bæði væri um að ræða hlutastörf í frístundaheimilum og leikskólum og oft væri hægt að aðlagja vinnutíma að þörfum hvers og eins t.d. getur verið mögulegt að starfa eingöngu 2-3 daga í viku hluta dags eða allan daginn.

## **12. Dansverkefni**

Í nóvember 2017 gerði skóla- og frístundasvið samning við Dansgarðinn – Klassíska listdanskólann vegna verkefnis í fjórum leikskólum borgarinnar sem glímdu við mönnunarvanda. Dansgarðurinn býður upp á faglegt og fjölbreytt nám í listdansi á forskólastigi vegna 3-8 ára barna. Með samningnum skuldbatt Dansgarðurinn sig til útvega danslistamenn, tvo og tvo í senn, inn í leikskólastarfið á umsömdum dögum í tiltekinn tíma. Danslistamennirnir tóku þátt í hefðbundnu leikskólastarfi s.s. matmálistímum en unnu þess utan með barnahópa í skapandi hreyfingu og dansi. Verkefninu lauk um áramót en verið er að leggja mat á það með hugsanlegt áframhald í huga.

## **13. Aðgerðateymi vegna mönnunarvanda í leikskóla**

Þann 13. september samþykkti skóla- og frístundaráð að setja af stað teymi til að bregðast við manneklu í leikskólum. Hlutverk teymisins var að móta tillögur um aðgerðir til að bæta stöðu ráðningarmála og mannauðsmála á leikskólum borgarinnar. Verkefni teymisins var m.a. að greina tillögur frá leikskólastjórum í Reykjavík um aðgerðir vegna stöðu ráðningarmála og

margvíslegar tillögur og ábendingar sem liggja fyrir eftir greiningarvinnu sviðsins og samtöl við leikskólastjóra að undanfögnu. Verkefni hópsins var að greina umfang og kostnað og leggja fram tillögur um viðbrögð og aðgerðir sem hægt væri að ráðast í á næstu vikum með það að markmiði að styðja við starfsmannahald í leikskólum. Teymið var skipað fulltrúum fagskrifstofu leikskólamála, mannauðsdeildar, fjármáladeildar og tveimur leikskólastjórum. Teymið skilaði tillögum til sviðsstjóra 25. september 2017.

Hér er listi yfir þær tillögur sem teymið setti fram og stöðu þessar verkefna.

**1. Fjármagn til heilsueflingar – Komið í framkvæmd**

Leikskólar geta leitað í miðlægan pott sem nýtist til heilsueflingar. Sem dæmi má nefna námskeið og annars konar heilsueflandi viðburði fyrir starfsfólk. Miðað er við 3.000 krónur á starfsmann. Útfærslan verður með þeim hætti að leikskólastjóri sendir tölvupóst á Lóu Birnu Birgisdóttur sem stýrir heilsueflingarverkefni Reykjavíkurborgar, þar sem fram kemur með hvaða hætti leikskólinn hyggst nýta fjármagnið til heilsueflingar og í framhaldi af því verður fjármagnið millifært á viðkomandi leikskóla.

**2. Fjármagn til að mæta auknu álagi og bæta liðsandann - Komið í framkvæmd**

Leikskólar fá 7.500 krónur á starfsmann. Þetta fjármagn er vegna mikils álags s.l. haust. Fjármagnið getur nýst t.d. í liðsheildarvinnu eða aðra viðburði sem hæfa starfsmannahópnum í hverjum leikskóla. Með þessari aðgerð er starfsfólki sýnt ákveðið þakklæti fyrir þá miklu vinnu sem það hefur lagt á sig í haust og með henni er verið að efla og hlúa að þeim hopi sem þegar er kominn til starfa.

**3. Undirbúningur tekinn í yfirvinnu – Komið í framkvæmd**

Heimilt verður að greiða undirbúningstíma í yfirvinnu, þar sem ekki hefur náðst að ráða starfsmenn í undirbúningsafleysingu. Sækja þarf um leyfi til að gera samning við starfsmenn til allt að þriggja mánaða í senn.

**4. Fjölgun starfsmannafunda – Komið í framkvæmd**

Starfsmannafundum verður fjölgað um tvo á ári, og starfsmönnum greidd yfirvinna vegna fundanna, sem geta orðið allt að tveggja tíma langir. Samþykkt var að greiða tvo viðbótarfundir nú þegar á þessu ári. Vegna menntastefnurvinnunnar var farið fram á að annar fundurinn yrði helgaður þeirri vinnu og færi fram í nóvember mánuði. Hinn fundinn má nýta t.d. fyrir deildarfundir.

**5. Eingreiðsla til starfsmanna og stjórnenda – Komið í framkvæmd**

Álag hefur verið mikið á starfsmenn og stjórnendur leikskóla sem hafa sýnt elju og dugnað við stjórnun leikskólans í erfiðu árferði. Samþykkt var að greiða eingreiðslu til stjórnenda og starfsmanna.

**6. Ímyndarvinna og kynningarstarf leikskóla í manneklu – Námskeið haldin í janúar**

Námskeið um ímyndarvinnu verður haldið fyrir alla leikskólastjóra og þeir leikskólar sem eru í mestum vanda fá ráðgjöf frá sérfræðingum sem fara sérstaklega yfir ímyndarvinnu fyrir viðkomandi leikskóla. Í framhaldi af því fá þeir leikskólar ákveðið fjármagn til ímyndarvinnu eins og t.d. gerð myndbands. Þá verður einnig lögð áhersla á markvissa markaðssetningu á störfum í leikskólum og dregið fram hvaða hlunnindi og kostir eru samfara vinnu í leikskóla.

**7. Leita í raðir starfsmanna sem hafa látið af störfum – Komið í framkvæmd**

Fengnar verða upplýsingar úr launakerfinu um alla starfsmenn 60 ára og eldri sem hafa hætt störfum á síðustu árum, listinn sendur til viðkomandi leikskólastjóra sem getur leitað til þessara starfsmanna sem eru hugsanlega tilbúnir að koma aftur til vinnu, tímabundið eða í hlutastarf.

**8. Viðbragðsferill vegna leikskóla í mönnunarvanda - Í vinnslu**

Unninn verði viðbragðsferill vegna leikskóla í mönnunurvanda.

Eftirtöldum tillögum var vísað til starfshóps um nýliðun og bætt starfsumhverfi leikskólakennara til frekari meðferðar og úrvinnslu:

1. Fjölgun undirbúningstíma.
2. Aðgerðir til að halda fólki sem annars mun láta af störfum á næstu árum.
3. Fækkun barna á deildum.
4. Styttri opnunartími leikskóla.
5. Breyta úthlutun vegna veikindaafleysingar í fjármagn í stað fastra stöðugilda.
6. Lokað á aðfangadag og gamlársdag.
7. Niðurfelling leikskólagjalda milli jóla og nýárs fyrir þá sem nýta ekki plássin.
8. Breyting á barngildum eða fallið frá þeim.
9. Handleiðsla við nýútskrifaða leikskólakennara.
10. Aukið svigrúm til náms á 5. ári í námi til leikskólakennara.
11. Fatapeningar.

Eftirtöldum tillögum er vísað til kjaradeildar og mannauðsdeildar borgarinnar til frekari meðferðar og úrvinnslu:

1. Miðlæg afleysingahjónusta.
2. Gera störf aðstoðarleikskólastjóra og deildarstjóra eftirsóknarverðari.
3. Styttning vinnuviku.

#### **14. Aðgerðarteymi vegna mönnunurvanda í frístundaheimilum**

Þann 13. september 2017 samþykkti skóla- og frístundaráð að setja af stað teymi til að bregðast við manneklu í frístundaheimilum Hlutverk teymisins verði að móta tillögur um aðgerðir til að bæta stöðu ráðningarmála og mannauðsmála í frístundastarfi borgarinnar. Verkefni teymisins verði að greina og koma með tillögur að lausnum vegna stöðu ráðningarmála í frístundaheimilum og sértækum félagsmiðstöðvum. Teymið greini umfang og kostnað við mismunandi leiðir og leggi fram tillögur um viðbrögð og aðgerðir sem hægt verði að ráðast í á næstu vikum með það að markmiði að styðja við starfsmannahald í frístundaheimilum og sértækum félagsmiðstöðvum. Teymið var skipað fulltrúum fagskrifstofu frístundamála, mannauðsdeildar, fjármáladeildar og frístundamiðstöðva. Teymið skilaði tillögum til skóla- og frístundaráðs 25. september 2017.

Hér er listi yfir þær tillögur sem teymið setti fram og stöðu þessar verkefna.

- 1. Fjármagn til að efla liðsheild og umbun vegna álags – Komið í framkvæmd**  
Miðað er við 7.500 krónur á starfsmann. Þetta fjármagn er vegna mikils álags sl.haust. Fjármagnið getur nýst t.d. í liðsheildarvinnu eða aðra viðburði sem hæfa starfsmannahópnum í hverjum starfsstað. Með þessari aðgerð er starfsfólki sýnt ákveðið þakklæti fyrir þá miklu vinnu sem það hefur lagt á sig í haust og með henni er verið að efla og hlúa að þeim hópi sem þegar er kominn til starfa.
- 2. Fjármagn til að styrkja fagstarfið/starfsmannakostnaður – Komið í framkvæmd**  
Lagt er til að hækka efnis- og rekstrarkostnað fyrir hvert frístundaheimili/sértæka félagsmiðstöð til að styðja við betra fagstarf og auðga starfsemina. Frístundaheimilin hafa hingað til haft 248 kr. á viku í efniskostnað á hvert barn, sem dugir engan veginn til að standa undir faglegu smíðju- og klúbbastarfi. Því er lagt til að hækka efnis- og rekstrarkostnað í frístundaheimilum og sértækum félagsmiðstöðvum til að styðja við

fjölbreytt smiðju- og klúbbastarf í frístundaheimilum og sértækum félagsmiðstöðvum. Lagt er til að hækka þá upphæð um 100 kr. á viku á hvert barn.

**3. Eingreiðsla til starfsmanna og stjórnenda – Komið í framkvæmd**

Álag á stjórnendur og starfsmenn frístundaheimila og sértækra félagsmiðstöðva hefur verið gífurlegt og elja og dugnaður við stjórnun starfsstaðanna er mikill. Samþykkt var að greiða stjórnendum og starfsmönnum eingreiðslu vegna álags.

**4. Námsleyfi fyrir starfsmenn – Sett í framkvæmd vorönn 2018**

Lagt er til að bjóða starfsmönnum frístundamiðstöðva að taka launað námsleyfi til að efla fagmennsku starfsmanna. Starfsmenn og stjórnendur frístundamiðstöðva hafa ekki haft möguleika á að fá launað námsleyfi sl. 10 ár. Lagt er til að hefja undirbúning en til eru viðmið og reglur sem unnar voru sl. vor. Þessi aðgerð myndi hafa mikil áhrif á þá sem nú þegar starfa á vettvangi til að mennta sig í frístundafræðum. Gengið er út frá því að útfærslan verði sú sama og í leikskólum, þ.e. starfsmaður heldur launum í staðlotum og starfsstöð fær fjármagn vegna afleysingar. Réttindanáms annars vegar og nám á meistarastigi hins vegar.

Eftirtöldum tillögum var vísað til starfshóps um nýliðun og bætt starfsumhverfi í frístundastarfi til frekari meðferðar og úrvinnslu:

1. Fækka börnum á hvern starfsmann.
2. Bæta við stöðugildi í forsendulíkan frístundaheimila til að sinna síðdegishressingu og móttöku barna.
3. Skapa fleiri 100% heilsársstörf og tryggja þannig tómstunda- og félagsfræðingum störf í skóla- og frístundastarfi.
4. Laga launasetningu aðstoðarforstöðumanna.
5. Unnið verði að betri aðbúnaði og hfyrir börn og starfsmenn þ.e. húsnæði og aðbúnaði. Starfsþróun starfsmanna, auka ábyrgð með aukinni reynslu.
6. Aukið samstarf við HÍ og HR vegna vettvangsnáms og skoða möguleika á launuðu starfsnámi og að nemendur gætu fengið einingar fyrir launað starf á vettvangi. Forgangur fyrir starfsmenn leikskóla og frístundamiðstöðva í vistun í leikskóla og frístundaheimilum/sértækum félagsmiðstöðvum.

Eftirtöldum tillögum er vísað til kjaradeildar og mannauðsdeildar borgarinnar til frekari meðferðar og úrvinnslu:

1. Breyta hæfniskröfum í starfi frístundaleiðbeinanda í almennum frístundaheimilunum.
2. Tímavinnustarfsmenn verði skilgreindir sem mánaðarstarfsmenn.
3. Greiða kaffitíma í yfirvinnu.
4. Starfsmenn fái strætókort.
5. Starfsmenn fái umbun eftir 6 mánaða starf í frístundaheimili eða sértækri félagsmiðstöð.

### **III. Næstu skref**

Auglýsingastofa hefur nú þegar sett fram nýja birtingaráætlun sem nú þegar er farið að vinna eftir. Hún miðar bæði að störfum í leikskólum og frístundaheimilum. Námskeið fyrir leikskólastjórnendur um ímyndarvinnu og markaðsmál verða haldin 23. og 29. janúar 2018. Unnið er að gerð myndbanda um starfsmenn í starfi sem hluta af markaðsátaki. Nú þegar er farið að koma tillögum í framkvæmd sem fram komu í starfshópi um bætt starfsumhverfi grunnskólakennara og verður það sama gert um leið og starfshópar um starfsumhverfi

leikskólakennara og fagfólks í frístundastarfi skila af sé tillögum. Þá er einnig nánari vinna og rýning hafin á þeim tillögum sem aðgerðarteymi lögðu fram fyrir í haust með það að markmiði að koma þeim sem fyrst í framkvæmd.